

**BURÐARÞOLSTEIKNINGAR.**

**1. EFNISGAÐI**

STEYPUGAÐI SÉU <sup>250</sup> S200 SAMKVÆMT ÍSLENSKUM STAÐLI ÍST 10. SIGMÁL STEYPU SÉ 50-100 MM. LOFTBLENDI 4,5 - 5% LOFT.

BENDISTÁL ER KAMBSTÁL Ks40 MED FLOTSPENNU Fy=400 N/MM<sup>2</sup>. AÐKENNT MED K Á TEIKNINGU. OG SLÉTT STÁL ST37 MED FLOTSPENNU Fy=230 N/MM<sup>2</sup>. AÐKENNT MED RA TEIKNINGU.

VINNA VIÐ JÁRNALÖGN OG STEYPU SÉ SAMKVÆMT ÍST 10.

TIMBURGAÐI SÉU T20 SAMKVÆMT NORSKUM STÖÐLUM NS 3470 OG NS 3080. TIMBURGAÐI Í LÍMTRÉBITUM SÉU T30.

**2. MERKINGAR**

- TÁKNAR JÁRN Í EFRI BRÚN PLÖTU
- TÁKNAR JÁRN Í NEÐRI BRÚN PLÖTU
- TÁKNAR PLÖTUBYKKT Í MM.
- JÁRN SAMSIÐA MERKI LIGGJA NEÐST Í PLÖTU.
- TÁKNAR UPPBEYGGJULÍNU JÁRNA.

**3. UNDIRSTÖÐUR**

GRAFA SKAL FYRIR SÖKKULVEGGJUM NIÐUR Á FASTAN BOTN OG HREINSA VEL UNÐAN VEGGJUM ÁÐUR EN MÓT ERU SMÍÐUÐ. GRAFA SKAL ALLAN LAUSAN JARÐVEG ÚR GRUNNI OG FYLLA Í STAÐINN MED BURÐARGÓÐRI FYLLINGU, T.D. MOLDARLAUSRI MÖL EÐA GRÚS. OG ÞJAPPA HANA Í HÆFILEGA ÞYKKUM LÖGUM. ÞANNIG AÐ GÓÐ ÞJÖPPUN NÁIST.

DÝPT Á UNDIRSTÖÐUM SKAL VERA MINNST 1,2 M NIÐUR FYRIR ENDANLEGT JARÐVEGSYFIRBORD. NEMA EF KLÖPP ER Í GRUNNI, ÞÁ SKAL DÝPT VERA MINNST 0,3 M NIÐUR FYRIR EFRI BRÚN BOTNPLÖTU.

UNDIR BOTNPLÖTU OG 0,5 M NIÐUR MED ÚTVEGGJASÖKKLUM KOMI 75 MM ÞYKK PLASTEINANGRUN, MED RÚMPYNGD 0,25 KN/M<sup>3</sup> (25KG/M<sup>3</sup>).

EFST OG NEÐST Í SÖKKULVEGGI KOMI 2K12 HEIL UM HORN EÐA VÍXLLÖGD UM 0,5 M. Í LÁRÉTT STEYPUKIL SÖKKULVEGGJA KOMI TENGIJÁRN K10%250. L=1,2 M.

**4. BURÐARVEGGIR**

**STEYPTIR:**

JÁRN Í ÚTVEGGJUM: K10%150 LÁRÉTT  
K10%300 LÓÐRÉTT

JÁRN Í INNVEGGJUM: K8%200 LÁRÉTT OG LÓÐRÉTT

NEMA ANNAD SÉ TEKID FRAM Á TEIKNINGU.

LÓÐRÉTT JÁRN NÁI 0,5 M UPP FYRIR PLÖTU.

UPP MED OG UNDIR OP KOMI 2K12 OG FYRIR OP 3K12 NEMA ANNAD SÉ TEKID FRAM Á TEIKNINGU, JÁRNIN NÁI MINNST 0,5M ÚT FYRIR OP.

**TIMBUR:**

BERA SKAL FÚAVARNAREFNI Á ALLA ENDA OG SAMSKEYTI. BERA SKAL Á TVÉR UMFERÐIR OG LÁTA ÞORNA VEL Á MILLI UMFERDA. UNDIRSTYKKI SEM FEST ERU MED BOLTUM VIÐ UNDIRSTÖÐUR. SKAL GEGNVERJA MILLI TIMBURS OG STEYPU SKAL KOMA TVÖFALT LAG AF ASFALTPAPPA.

ALLAR SAMSETNINGAR Á STÖÐUM VIÐ UNDIR- OG YFIRSTYKKI SKAL GIRDA MED GALVANISERUÐU GIRDI (25 MM) ER GANGI 200 MM UPP (NIÐUR) Á STÖDIR. OG NEGLIST MED 2x3 STK. 31/80 NÖGLUM.

VINDTOGBÖND NEGLAST Í TOPP- OG UNDIRSTYKKI MED 8 STK. 40/40 KAMBSAUM OG Í HVERJA STÖÐ MED 3 STK. 40/40 KAMBSAUM.

12 MM ASFALTSODIÐ TRÉTEX (BREIDD= 1200 MM, ÞAR SEM ÞVÍ ER VIÐ KOMIÐ) NEGLIST Í TOPPSTYKKI, UNDIRSTYKKI OG STÖDIR Á KÖNTUM MED 40/25 PAPPASAUM %75 MM. EN Í STÖDIR Á NIÐRI PLÖTU MED 40/25 PAPPASAUM %150.

UTANÁ TRÉTEX NEGLIST LÁRÉTTAR LEKTUR 36x100 Í HVERJA STÖÐ MED 4 STK. 36/100 NÖGLUM. (MESTA FJARLÆGD Á MILLI LEKTA 900 MM.)

**5. ÞAK**

BERA SKAL FÚAVARNAREFNI Á ALLA SPERRUENDA, SAMSKEYTI SVO OG ÞÆR SPEBRUR SEM LIGGJA AÐ STEYPU. BERA SKAL Á TVÉR UMFERÐIR OG LÁTA ÞORNA VEL Á MILLI UMFERDA.

ATH: ALLAR JÁRNFESTINGAR SKULU VERA GALVANISERAÐAR.

**LAGNATEIKNINGAR.**

**1. MERKINGAR**

- HRB MERKIR HREINSIBRUNNUR
- GK ..... GÓLFKÓTI
- GN ..... GÓLFNIÐURFALL
- PN ..... ÞAKNIÐURFALL
- SN ..... SVALARNIÐURFALL
- EV ..... ELDHÚSVASKUR
- SV ..... SKOLVASKUR
- PV ..... ÞVOTTAVÉL
- HL ..... HANDLAUG
- BK ..... BADKAR
- SB ..... STURTUBAÐ
- VS ..... VATNSSALERNI
- GH ..... GÓLFTÚTUR FYRIR TENGINGU BAKRENNSLIS HITAVEITU
- HRL ..... HREINSILOK GNG ..... GÓLFNIÐURFALL MED GEGNUMRENNSLI
- F ..... FALLPÍPA

- ÞÖKKUÐ SKOLPLÖGN
- ÞÖKKUÐ REGNVATNSLÖGN
- HÁLFÞÖKKUÐ REGNVATNS- OG JARÐVATNSLÖGN
- JARÐVATNSLÖGN
- KALDAVATNSHEIMED
- KALT NEYSLUVATN
- HEITT NEYSLUVATN
- TÖPPUNARSTAÐUR FYRIR KALT NEYSLUVATN
- TÖPPUNARSTAÐUR FYRIR HEITT NEYSLUVATN
- RENNILOKI
- RENNILOKI MED SPINDLI UPP ÚR JÖRD
- TÆMINGARLOKI
- EINSTREYMSLOKI
- LOFTPÚÐI
- FRAMRENNSLI HITALAGNA
- BAKRENNSLI HITALAGNA

**2. FRÁRENNSLISLAGNIR**

Í GRUNN: LAGNIR ÚR PLASTI SÉU AF VIÐURKENNDRI GERÐ, T.D. PVC, OG SKAL ALLUR FITTINGS SAMSVARA PÍPUM AÐ GERÐ OG GÆÐUM. SAMSKEYTI STEINRÖRA SKULU HAMPPÖKKUÐ OG MURAD FYRIR MUFFUR ALLAN HRINGINN EÐA ÞÉTT MED GÚMMÍHRINGJUM EF MUFFUR ERU ATLAÐAR FYRIR ÞÁ. FRÁRENNSLISLÖGN FYRIR BAKRENNSLI HITAVEITU SÉ ÚR HITABOLNU PLASTI, T.D. PEH. LAGNIR SKAL LEGGJA Í ÞJAPPAÐAN SAND, ÞANNIG AÐ ÞÆR HVÍLI Á BELGJUM EN EKKI MUFFUM. FRÁRENNSLISLAGNIR SKAL LEGGJA SAMKVÆMT ÍST 65 MIÐAD VIÐ HAUDVELD SKILYRÐI.

OFAN BOTNPLÖTU: LAGNIR SÉU ÚR VIÐURKENNDRU PLASTI TIL NOTKUNAR INNAHÚSS. FESTINGAR Á FALLPÍPUM SKULU VERA VIÐ HVERJA GÓLFPLÖTU OG TVÆR Á MILLI PLATNA. EITT ÞENSLUSTYKKI SKAL VERA Á HVERRI HÆÐ. EF SAMSKEYTI ERU SODIN SAMAN, ANNARS ER NÆGILEGT AÐ DRAGA RÖR TIL Í MUFFUM, T.D. 10 MM TIL AÐ TAKA UPP ÞENSLUNA. EITT HREINSILOK SKAL VERA Á HVERRI FALLPÍPU. LÓÐRÉTTAR FALLPÍPUR SKAL EINANGRA MED 25 MM GLERULLARMOTTUM OG VEFJA MED SÍSALPAPPA, EÐA PLASTDÚK.

**3. VATNSLAGNIR**

HEIMEDARPÍPA FYRIR KALT VATN SÉ ÚR PLASTI. PEH, PÍPUVERMÁL ERU UTANMÁL, MM. PÍPUR OG FITTINGS FYRIR HEITT OG KALT NEYSLUVATN INNAHÚSS SKAL VERA GALVANHÚÐAD. EINANGRA SKAL PÍPUR MED 20 MM GLERULLARHÓLKUM OG VEFJA SÍÐAN MED SÍSALPAPPA EÐA PLASTDÚK. PÍPUR Í VEGGJUM SKULU LIGGJA MINNST 100 MM FYRIR GÓLFPLÖTU. ÖLL MÁL Á PÍPUM ERU GEFIN UPP Í MM OG ERU ÞAD INNAÞVERMÁL ÞEIRRA. ALLAR TENGINGAR VIÐ HREINLÆTISTÆKI ERU 15 MM. ÁÐUR EN PÍPUTENGINGAR ERU HULÐAR SKAL ÞRÝSTIÞRÓFA KERFIÐ MED KÖLDU VATNI OG 8 KG/CM<sup>2</sup> ÞRÝSTINGI. SKAL HANN STANDA Á KERFINU Í 24 KLST. ÁN ÞESS AÐ FALLA. EFNI OG VINNA SÉ Í SAMRÆMI VIÐ GILDANDI REGLUGERÐ UM HEITAR OG KALDAR VATNSLAGNIR.

**4. HITALAGNIR**

Á ALLA OFNA KOMI LOFTSKRÚFA, STILLITÉ OG SJÁLFEVIRKUR OFNLOKI. PÍPUR ERU VENJULEGAR SVARTAR STÁLPIPUR. PÍPUVERMÁL ERU INNAÞVERMÁL, MM. ALLAR PÍPUR SKULU VERA HREINAR, OG Í ÞEIM MEGA EKKI VERA RÝDSKÁNIR. VIÐ SKURÐA PÍPUM SKAL SNARAÐ ÚR ENDUM ÞEIRRA. ALLAR PÍPUR SKAL EINANGRA MED 20 MM GLERULLARHÓLKUM OG VEFJA SÍÐAN MED SÍSALPAPPA EÐA PLASTDÚK. ÞEGAR LOKIÐ ER LÖGN MIÐSTÖÐVARKERFIS OG ÁÐUR EN PÍPUR ERU HULÐAR, SKAL ÞRÝSTIÞRÓFA KERFIÐ MED KÖLDU VATNI OG 6 KG/CM<sup>2</sup> ÞRÝSTINGI. SKAL HANN STANDA Á KERFINU Í 24 KLST. ÁN ÞESS AÐ FALLA.



72-10

**HÜSNÆDISSTOFNUN RÍKISINS** LAUGAVEGI 77, REYKJAVÍK SÍMI 28500

|          |                         |
|----------|-------------------------|
| VERK NR. | TEIKN. NR. <b>2.000</b> |
|----------|-------------------------|

ALMENNAR SKÝRINGAR.

|         |           |
|---------|-----------|
| HANNAÐ  | STAFÆRT   |
| REIKNAD | VFIRFARID |
| TEIKNAD |           |
| KVARDI  |           |

Gudm. Gunnarsson